



## Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði 2023

### 1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 128-1 skv. samningum Öldunnar/Kjalar frá 1. apríl 2022 með 8% persónuálagi, 13,04 % orlofi og 25% launatengdum gjöldum, **samtals 4.088 kr.**

### 2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en óskertan ellilífeyri/örorkulífeyri frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **389.301 kr.** (einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið).
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **583.952kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.

9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyrstrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

### 3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

### 4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga upphæð barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins (1.1.2023) **42.634 kr.** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

### Tekjumörk og gjaldflokkar:

Gjaldskrá heimaþjónustu 2023					
	Viðmið kr. 4.088	Tekjur undir: gjaldfrí	Tekjur undir: greiðir 1/3 gjald	Tekjur undir: greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir: greiði fullt gjald
<b>Fjölsk. gerð</b>	Einstaklingur	389.301 kr.	583.952 kr.	681.277 kr.	681.277 kr.
	Hjón/samb, fólk	583.952 kr.	875.927 kr.	1.021.915 kr.	1.021.915 kr.
<b>Gjald</b>	Einstaklingur	0 kr.	1.363 kr.	2.044 kr.	4.088 kr.
	Hjón/samb, fólk	0 kr.	1.363 kr.	2.044 kr.	4.088 kr.
	tekjur á ári - einst	4.671.612 kr.	7.007.418 kr.	8.175.321 kr.	8.175.321 kr.
	tekjur á ári hjón	7.007.418 kr.	10.511.127 kr.	12.262.982 kr.	12.262.982 kr.